

Ed.

147. Frumvarp

til laga um fimmtardóm.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins nefnist fimmtardómur. Á ensku heitir dómstóllinn The Supreme Court, og tilsvarendi heiti á öðrum erlendum málum.

2. gr.

Hæstarétt skal leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa. Til fimmtardóms má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Kirkjudóminn (synodaldóminn) skipa 5 dómendur, dómendur fimmtardóms og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastsdóm í héraði, og í málum þeim gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afhrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

II. KAFLI.

Um skipun fimmtardóms.

4. gr.

Fimmtardóm skipa 3 dómarar, kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu til 6 ára í senn. Kjósa skal um leið á sama hátt þrjá varadómara, og taka þeir sæti í dómnum í forföllum aðaldómara. Elzti dómari í fimmtardómi skal jafnan vera forseti réttarins.

5. gr.

Eigi má setja dóm með færri dómurum en 3.

6. gr.

Dómarar í fimmtardómi skulu án sérstaks endurgjalds starfa í laganefnd, sbr. lög um laganefnd, nr. 48 1929.

7. gr.

Dómarar í fimmtardómi skulu auk almennra dómarskilyrða fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa tekið lagapróf með 1. einkunn.
2. Hafa starfað a. m. k. í 5 ár, að afloknu embættisprófi, að lögfræðistörfum hér á landi.
3. Vera eigi yngri en þrítugir og eigi eldri en sextugir, er þeir taka sæti í réttinum.
4. Skyldir menn eða mægðir mega ekki samtímis eiga dómarsæti í fimmtardómi.

8. gr.

Eigi má fimmtardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.
2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðila eða ákærðs, fjárbaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir felld dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástætt, að telja megi hætt við, að hann liti eigi óhlutdrægt á málavexti.

9. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í fimmtardómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari viki sæti í einstöku máli, af ástæðum þeim, er í 9. gr. segir.

Dómendur allir, er um slík mál fjalla, úrskurða þau atriði.

III. KAFLI.

Um fimmtardómsritara.

10. gr.

Dómurinn skipar fimmtardómsritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi. Fimmtardómsritari nýtur þeirrar þóknunar, sem ákveðin er í fjárlögum.

11. gr.

Fimmtardómsritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til fimmtardóms.
2. Heldur bækur fimmtardóms.

3. Annast upplestur skjala í dómnum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og hækur.
6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim, og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf öll af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins. Samsvarandi störf vinnur fimmtardómsritari fyrir kirkjudóminn.

12. gr.

Fimmtardómur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágríp af öllu því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hefir verið tekin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald fimmtardóms, og bætt við nýjum bókum, ef þurfa þykir, eftir tillögum fimmtardóms.

IV. KAFLI.

Um launakjör.

13. gr.

Laun fastra dómara í fimmtardómi skulu ákveðin í launalögum. Þangað til núgildandi launalög verða endurskoðuð, skulu þeir hafa sömu laun og þau, sem nú eru ákveðin hæstaréttardómurinum í launalögum. Forseti hefir að auki 1000 kr. á ári.

V. KAFLI.

Um hvar fimmtardómur skuli haldinn og um þingleyfi.

14. gr.

Fimmtardóm skal halda í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má fimmtardóm halda utan Reykjavíkur, ef dómendur ákveða svo og dómsmálaráðherra samþykkir.

15. gr.

Aðalþingleyfi fimmtardóms eru frá 1. júlí til 31. ágúst og frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess skal þingleyfi vera í dymbilviku og páskaviku.

Eigi skal dóm setja á helgum dögum þjóðkirkjunnar.

Heimilt er dómsmálaráðherra, eftir tillögum fimmtardóms, að lengja einstök þingleyfi, ef ástæður þykja til.

Dómur skal að jafnaði eigi sitja lengur um sinn en 8 stundir samfleytt.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum fimmtardóms, hvaða daga og á hvaða tíma dómþing skuli halda.

VI. KAFLI.

Um málaflutningsmenn við fimmtardóm.

16. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn. Þó má veita þeim, sem fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, leyfi til að þreyta raunina, samkv. 3. tölul. þessarar greinar, ef fimmtardómur, fullskipaður 5 dómendum, mælir með því, enda hafi umsækjandi sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögfræði eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
2. Gegnt málaflutningsstörfum að afloknu prófi í 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við fimmtardóm sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti fimmtardóms hæfur til þess að vera málaflutningsmaður við dómum. Öll þau mál skulu vera þess eðlis, að bæði aðal- og aukadómarrar dæmi þau, enda skal rétturinn fullskipaður með 5 dómendum ákveða, hvort þrautin sé hæfilega af hendi leyst. Enginn má oft en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dómum yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögfræðingum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við fimmtardóm.

Þeir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt á að flytja mál fyrir fimmtardómi.

17. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvirkusemi mál þau, er hann tekur að sér.

18. gr.

Fyrir leyfi til málaflutningsstarfs fyrir fimmtardómi skal greiða 500 kr. í rikissjóð.

19. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn við fimmtardóm skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skytt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðilar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við fimmtardóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

20. gr.

Skytt er málaflutningsmönnum við fimmtardóm að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skytt að annast fyrir fimmtardómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann við fimmtardóm, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

21. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir fimmtardómi. Einnig er aðila rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé við fimmtardóm, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

22. gr.

Rétt er málaflutningsmanni við fimmtardóm að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, og herra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

23. gr.

Ef málaflutningsmaður við fimmtardóm missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 17. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og, ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flyzt búferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við fimmtardóm. Þegar svo ber að, skal málaflutningsmaður afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt til málaflutnings fyrir fimmtardómi, og skal leyfið geymt þar, þangað til hann kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings við dómim, og skal honum þá afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef fimmtardómur leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir

óhæfilegan drátt á opinberu máli, visvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

24. gr.

Allir málaflutningsmenn við fimmtardóm skulu skyldir að bindast félags-samtökum. Stjórn þessa félags, sem kosin skal af öllum málaflutningsmönnum við fimmtardóm til tveggja ára í senn, er skipuð þrem mönnum, formanni, varaformanni og einum meðstjórnanda. Félag þetta skal halda fundi, er velja á nýja stjórn, og eins ef mál koma upp, er snerta einhvern málaflutningsmann í félaginu. Að öðru leyti setur félag þetta sér sjálft reglur, í samræmi við lög þessi, og skulu reglurnar staðfestar af dómsmálaráðherra.

25. gr.

Stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm skal lita eftir, að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Stjórninni er skylt að ákveða þóknanir málaflutningsmanna, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra. Þó er aðilum heimilt að bera ágreininginn undir dómstólana.

26. gr.

Virðist stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm einhver félagsmaður vanrækja málaflutningsskyldur sínar eða á annan hátt hegða sér svo ósæmlegt megi teljast, getur stjórnin veitt þeim áminningu, hannað málaflutningsmanni að flytja tiltekið mál, rekið hann úr félaginu um skeið eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru, eða úrskurðað í sektir, allt að 300 kr. Þó á sá, sem fyrir slíkri kærni verður, rétt til þess að skýra mál sitt og koma fram með varnarárastæður fyrir stjórnina, annaðhvort skriflega eða munnlega.

Rétt er málaflutningsmanni að bera sektarúrskurði félagsstjórnar eða úrskurði um missi réttinda undir dómstólana.

Dómsmálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi félags málaflutningsmanna við fimmtardóm, enda gefur stjórn félagsins dómsmálaráðherra árlega skýrslu um störf félagsins og um það, hverjir félagsmenn hafi sætt viðurlögum eða áminningu.

VII. KAFLI.

Um stefnur og stefnufresti.

27. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til fimmtardóms sem hér segir:

1. Stefnur skal taka út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn fimmtardómsritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og aug-

lýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er dómnum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.

2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar, er þingfesta á málið i samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest i almennum einkamálum i héraði.

Fimmtardómsritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufrest, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur i þeim lögum.

28. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal kirkjudómsmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

VIII. KAFLI.

Um hvaða mál megi bera undir fimmtardóm.

29. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til fimmtardóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málinu eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

30. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til fimmtardóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til fimmtardóms, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði i lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð i málum um fjárkröfur, skulu baldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess, er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja auka-málum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði i sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein, eftir því sem við á.

31. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til fimmtardóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 30. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

32. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til fimmtardóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

33. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 32. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 32. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávisunardóms.

34. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 32. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfishréfi fyrirgert.

Ákvæði 33. gr. skal gilda eftir því sem við á.

35. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

36. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum fimmtardóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myudi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

37. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til fimmtardóms samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

38. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir fimmtardómi.

39. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 32. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

IX. KAFLI.

Um meðferð máls fyrir fimmtardómi.

40. gr.

Skjóta má dómsathöfn til fimmtardóms í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerk, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

41. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarfnis samkvæmt því, er tíðkamt hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

42. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram í fimmtardómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framur en tíðkamt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gilti um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný göng eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að hera fram, í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota handa hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

43. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra taka saman ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

44. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir fimmtardómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðilar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

45. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágríp dómsgerða, ef annarhvor málflytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftari en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

46. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman háðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 45. gr. segir.

47. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef fimmtardómur frestar opinberu máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður fimmtardómur þá fresti til sóknar og varnar.

48. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávisunar máls frá fimmtardómi, þá skal hann skýra fimmtardómsritara frá því, og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en málflutningur á fram að fara. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.

49. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

X. KAFLI.

Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.

50. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá að jafnaði eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

51. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu fimmtardómendur þeir, er tekið hafa þátt í meðferð málsins, hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar og greiða þar atkvæði.

Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómara og fimmtardómsritari.

Atkvæðagreiðslur fimmtardóms um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu munnlegar vera, opinberar og í heyranda hljóði. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem til þess er valinn af réttinum í hvert sinn. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stuttu máli grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Vísa má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

52. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða.

53. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt vali dómsins fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur, og þannig koll af kalli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á milli allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 51. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvisun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eftir því, sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók, sbr. 12. gr., tölulíð 3.

54. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
 2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.
 3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðum.
 4. Ástæður fyrir dómsniðurstöðu, enda sé þar ákveðið og tæmandi gerð grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu, sé eigi dómsniðurstæða og forsendur staðfest að öllu leyti.
 5. Dómsniðurstöðu eða úrskurðar.
- Forseti sér um samning dóms.

Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í uppkvaðningu hans.

55. gr.

Í dómi skal þess getið, hvort ágreiningur hafi verið um forsendur hans eða niðurstöður, hver dómari hafi gert ágreining og í hverju sá ágreiningur hafi verið fölginn. Þetta gildir jafnt, hvort sem mál er munnlega eða skriflega flutt.

Ágreiningsatriði og rökstuðning fyrir þeim skal rita í dómabók og birta í dómasafni fimmtardóms.

56. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er fimmtardómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjanda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhnutun ríkisvalds eða sökunauts.

57. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í dóma fimmtardóms, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir fimmtardóms skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans, og nafn forseta undir.

Fimmtardómsritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem fengin eru úr bókum dómsins.

XI. KAFLI.

Um réttargjöld, sektir o. fl.

58. gr.

Dómsmálagjöld í fimmtardómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðningu hvers manns	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum, greiðist hálf gjald.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

59. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gilt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist fimmtardómi aðili augljóslega hafa sagt visvitandi rangt frá um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í rikissjóð.

60. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í rikissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

XII. KAFLI.

Um málskostnað fyrir fimmtardómi.

61. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæfilegan málskostnað, miðað við hversu mál er stórt og umfangsmikið og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

62. gr.

Nú virðist fimmtardómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála, fyrir fimmtardómi, að svo miklu leyti sem við á.

XIII. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

63. gr.

Fimmtardómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem þau voru, er fimmtardómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir fimmtardómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar án þess að málaflutningur hafi byrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

XIV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

64. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið og samrýmt verður lögum þessum.

65. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá fimmtardómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur fimmtardómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Aðaldómarar fimmtardóms eiga sæti í landsdómi.

66. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1933.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 22 frá 6. okt. 1919, um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 22 1919, lög nr. 19 frá 14. júní 1929, um breytingar á sömu lögum, 1. gr. laga nr. 48 1929, um laganeftnd, svo og önnur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

Greinargerð.

Um nokkur undanfarin ár hefir Alþingi haft til meðferðar frv. um gagngerða endurbót á æðsta dómstóli landsins. Hefir mál þetta haft mikið og vaxandi fylgi, bæði á þingi, en þó einkum utanþings meðal horgara landsins. Var frv. um fimmtardóm fylgt með meiri athygli um þingtimann í fyrra en nokkru öðru máli, og ber það til, að hinn hugsandi hluti þjóðarinnar finnur til einlægrar löngunar að koma því skipulagi á lokadómstól sinn, að hann verði í fullu samræmi við kröfur frjálsrar og menntaðrar þjóðar.

Þegar þjóðin flutti inn í landið úrskurðarvald í dómsmálum sínum árið 1919, vannst stjórn þeirri, er þá undirbjó málið fyrir Alþingi, ekki tími til að byggja hið nýja skipulag á nægilega traustum grundvelli. Jón Magnússon fékk einn af kennurum lagadeildar háskólans, Einar Arnórsson, til að bræða í eitt skipulag hins gamla landsyfírréttar og nokkuð af formi hins danska hæstaréttar. Ekki var leitað að fyrirmyndum til fornaldar þjóðarinnar, þegar hún var frjáls, hafði fullkomna og frumlega löggjöf og algerlega innlenda dómstóla. Ekki var heldur leitað út fyrir Danmörku um erlend fordæmi. Varð þetta bagalegt, af því að Danir voru í þessum efnun eftirbátar annara germanskra og engilsaxneskra þjóða og eiga í harðri baráttu við að endurbæta þann dómstól, sem forráðamenn Íslands töldu hina einu sönnu fyrirmynd við stofnun hæstaréttar 1919.

Jón Magnússon flutti dómara úr landsyfírréttinum yfir í hæstarétt og hætti við mönnum, svo að dómendur yrðu 5. Ákveðið var í lögum um hæstarétt, að velja skyldi í réttinn með svonefndu dómaraþrófi. Skyldi hver nýr dómari ganga undir einskona próf í vinnubrögðum dómara hjá hinum eldri dómendum, og hefir mjög verið af því látið, hve mikils virði þessi prófraun væri til að tryggja hlutlausu yfirburðamenn í dómarsæti hæstaréttar. En þó

að liðin séu 14 ár síðan löggjöf þessi var sett, hefir enginn af dómendum hæstaréttar leyst af hendi þessa merkilegu þraut, heldur hafa þeir allir verið valdir til starfsins af pólitískum landsstjórnnum án þess að þessari varúðarráðstöfun hafi verið komið að.

Einar Arnórsson flutti frá Kaupmannahöfn eina nýjung um vinnubrögð hæstaréttar, frá því sem áður var í landsyfirrétti. Mál færslan var gerð munnleg, og hefir það haldizt síðan. Dómarar landsyfirréttar, sem allir urðu síðan dómendur hæstaréttar, voru spurðir um þessa nýbreytni. Þeir lögðu eindregið gegn henni, og hafa að líkindum verið alveg ókunnugir vinnubrögðum samþærilegra dómstóla erlendis. En þingið hafði að engu mótmæli þeirra, og var munnlegi málflutningurinn nálega eina umbótin frá vinnubrögðum landsyfirréttar, þegar lokadómstóll kom inn í landið.

Svo lítið hafði sá maður, sem bar fram frv. um hæstarétt, áttað sig á eðli málsins, að ekki liðu nema fáein ár, þar til hann, þ. e. Jón Magnússon, bar fram frv. um gagngerða breytingu á réttinum. Árið 1924 kom Jón Magnússon gegnum þingið þeirri breytingu að fækka um tvo dómendum í hæstarétti og rýra stórum embætti ritarans. Leið svo þar til 1930, að málið var tekið upp af nýju og stefnt að gagngerðri umbót á forni lokadómsins.

Í fyrstu reis sterk alda gegn hverri einstakri umbót á skipulagi réttarins. Þeim, sem höfðu mótast undir handarjaðri hægrimanna í Danmörku á Esturpústímanum, þótti vel við eigandi, að nafn islenzka lokadómstólsins væri danskt, eða að minnsta kosti þýðing úr dönsku. Orðið hæstiréttur lét vel í eyrum þeirra. Aftur á móti fannst þeim eitthvað óþægilega þjóðlegur keimur að orðinu fimmtardómur. Nafnið minnti á lýðveldistímamann, þegar Íslendingar vildu vera frjálsir og voru það. Smátt og smátt minnkaði mótstaðan gegn nafninu, og þegar málið var rætt í þriðja sinn á þingi, var mótstaðan gegn nafni dómstólsins að mestu döttin niður. Menn voru farnir að sætta sig við islenzkt nafn á islenzkum dómstóli.

Opinber atkvæðagreiðsla var ein meginumbótin. Leynilega atkvæðagreiðslan í hæstaréttinum er erfð frá Danmörku, erfð frá kúgunartímum þeirrar þjóðar. Í skjóli leyndarinnar getur hver dómari skotið sér bak við stéttarbróður sinn, getur falið sig þar og verk sin og komizt hjá að gefa ástæður. Þegar frv. var borið undir dómara hæstaréttar, lagaprófessora háskólans og félag málfærslumanna 1930, var ekki sýnilegt, að nokkur verulegur skilningur væri hjá þessum iðkendum lögfræðinnar í landinu fyrir því, að hér var um að ræða stórfellda umbót, að réttaröryggið fær enga betri tryggingu en þá, að hver dómari verði að bera fulla siðferðislega ábyrgð á orðum sínum og ályktunum gagnvart þjóðinni, sem borgar störf þeirra og á að njóta verka þeirra.

En baráttan um þessa hlið málsins í síðastliðin þrjú ár hefir líka opnað augu manna fyrir gildi þessarar umbótar, og nú er svo komið, að opinber atkvæðagreiðsla þykir algerlega sjálfsögð umhót á skipulagi réttarins. Það mun heldur hafa flýtt fyrir skilningi á þessari umbót, að núverandi dómsmálaráðherra í Danmörku leggur nú hið mesta kapp á að fá afnumda hina leynilegu atkvæðagreiðslu í hæstarétti Dana.

Þriðja baráttuefnið var dómaraþrófið, sem í raun og veru má kalla sama

og sjálfsköpun réttarins. Þessi þáttur í skipulagi hæstaréttar er lánaður frá Dönun og er, eins og áður er sagt, erfð frá kúgunartímum þeirrar þjóðar.

Dómaraprófið er sett til þess, að þeir dómara, sem fyrir eru í réttinum, geti sjálfir valið hvern nýjan mann, sem í dóminn kemur. Ríkisstjórnin sendir umsækjanda til dómara og óskar, að þeir prófi hann. Það þýðir, að hann dæmir með þeim nokkur mál. Að því búnu segja dómara annaðhvort, að hann hafi fallið eða staðizt þrautina. Sá, sem undir prófið gengur, hefir enga vernd eins og menn hafa við önnur próf. Hér er allt leynilegt, umræður gömlu dómara um frammistöðu umsækjanda, og atkvæðagreiðsla þeirra. Dómara þeir, sem koma í réttinn, hafa ábyrgðarlaust veitingarvald á hverju nýju embætti í dómnum.

Jón Magnússon valdi í fyrsta sinn í réttinn, allt nákomna flokksbræður sína. Í sumar valdi Magnús Guðmundsson í réttinn einn af þingmönnum síns flokks, mann, sem m. a. hafði fyrir nokkrum mánuðum tekið þátt í hinum hörðustu flokkadeilum sem málfærslumaður flokks síns.

Enn sem komið er hefir aldrei neinn dómari átt fast sæti í hæstarétti nema þeir, sem allir landsmenn vissu um, að voru ákveðnir fylgismenn kyrrstöðustefnunnar í landinu. Hvort þeirrar stefnu hefir gætt í störfum þeirra, verður ekki rætt um hér. En það, sem skiptir máli fyrir þjóðina, er sú staðreynd, að einn pólitískur flokkur hefir lagt til alla dómara í réttinn og að þeir fylgja sömu þjóðmálastefnu og sá ráðherra, sem fyrstur valdi dómara í réttinn, án allrar prófunar, og að þessir menn hafa vald til, að óhreyttri löggjöf, að velja einhliða í réttinn framvegis.

Í raun og veru má segja, að skipulag dómsins gefi Jóni Magnússyni vald til að endurskapa réttinn, þó að tímar liði. Dómstóllinn getur alveg slitnað frá þjóðlífinu og þeim borgurum, sem hann á að vinna fyrir og borga dómurum kaup. Í þessu liggur mikil hættu fyrir þjóðina. Það er jafnfjarstætt, að dómstóll geti verið í ósamræmi við borgara landsins eins og að landsstjórnin eða þingið sé það.

Þegar dómara hæstaréttar voru spurðir um álit þeirra á skipulagi fimmtardómsins um þingtímann 1930, var álit þeirra ákveðin og ókurteis ádeila á landsstjórnina, sem bar frv. fram. Kom þar ótvírætt í ljós, hve mjög dómara voru háðir stefnu síns flokks og hve takmörkuð var útsýn þeirra um önnur sjónarmið. Að því leyti var umsögn þeirra ein hin þýðingarmesta sönnun, sem fengizt gat um það, að rétturinn ætti ekki að hafa sjálfsköpunarvald. En álitsskjal dómara sýndi meira. Í vörn sinni fyrir ágæti dómaraþrófsins héldu þeir því fram, að dómaraþrófið væri algengt skipulagsatriði í menningarlöndunum.

Í álitskjali sínu segja dómara hæstaréttar um dómaraþrófið islenzka:

„Samskonar ákvæði munu vera lögmælt í flestum nýlegum lögum um úrslitadómstigið utan einræðislandanna“ (Alþt. 1930, A. bls. 999).

Alþingi gerði ráð fyrir, að dómara hæstaréttar mundu vita um þetta efni og fullyrða það eitt í þessu efni, sem satt væri og rétt. Hafði fullyrðing dómara áhrif í þá átt að fastmóta skoðun sumra þingmanna um þetta efni. En með því að þekkingu dómara um erlend fræðiatríði var ekki treyst ótak-

markað, fól landsstjórnin, sem þá var, sendiherra Íslands í Danmörku að rannsaka málið. Kom þá í ljós, að ekkert dómaraþróf þekktist í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Þýskalandi eða Englandi. Auk þess var vitað, að í Bandaríkjunum og Svisslandi voru dómara kosnir.

Hér var þá sannað, að dómendur hæstaréttar höfðu gefið Alþingi algerlega ranga skýrslu um mál, sem snerti metnað þeirra og valdaaðstöðu. Síðar hafa verið leidd rök að því, að dómaraarnir hafi haldið sjálfir, að þeir skýrðu rétt frá, en verið með öllu ókunnugir skipulagi erlendra úrslitadómstóla. En þessi einangrun dómaraanna um nauðsynleg almenn þekkingaratriði henti á, að nýir straumar í dómstól þessum myndu fremur hæta en skaða.

Á síðasta þingi, 1932, urðu átökin um fimmtardóminn nálega öll í sambandi við sjálfsköpun réttarins. Sá flokkur, sem dómaraarnir í hæstarétti hallast að, heitti sér einhuga um að verja þetta sjálfsköpunarvald dómstólsins, sem í framkvæmdinni hefir verið sama eins og að tryggja það, að allir dómendur í réttinum væru úr þeirra flokki, og ekki hlífzt við að taka að nýju í réttinn flokksmenn, sem staðið hafa einna fremstir í landsmálabaráttunni fyrir flokk sinn. Taldi aðalblað ihaldsmanna það stóran sigur fyrir flokk sinn, er frv. um fimmtardóm „var komið fyrir kattarnef“, eins og hlaðið komst að orði, og gaf ótvírætt í skyn, að stjórnarskipti hefðu verið nauðsynleg til að verja flokkshagsmunina í þessu efni.

Eftir þriggja ára baráttu er ákveðin umbót á úrslitadómstólnum orðin að einu binu stærsta þjóðmáli. Íhaldssamir menn í landinu una vel því skipulagi, sem nú er, af ástæðum, sem verða skiljanlegar, þegar litið er á sögu málsins. En umbótamenn landsins eru óánægðir með skipulag hæstaréttar, og munu áreiðanlega halda áfram baráttu í því efni, þar til skipulag réttarins er komið í það horf, sem er samboðið lýðfrjálsri þjóð.

Frv. er nú borið fram í fjórða sinn. Aðalefni þess er hið sama og fyrr. En um þá hlið málsins, sem mest var deilt um í fyrra, hverjir eigi að velja hina nýju dómendur, er komið með nýja úrlausn. Rétturinn á ekki að skapa sig sjálfur. Stjórnin á heldur ekki að veita embættin. *Þjóðin sjálf á að veita embættin í fimmtardómnum.* Dómaraarnir vinna fyrir þjóðina og hún borgar þeim kaup fyrir vinnu þeirra. Þess vegna er rétt og eðlilegt, að hún velji þá til starfsins.

Á Alþingi binu forna var dómssvaldið raunar ein grein þingvaldsins. Og eftir að landið komst undir konung, missti Alþingi meir og meir vald yfir löggjöfinni, en hélt áfram að hafa vald í dómsmálum Íslands. Og þegar Alþingi var lagt niður um 1800, var yfirrétturinn myndaður á rústum þess, en úr yfirrétti hæstiréttur. Í ljósi sögunnar er því auðséð, að Íslendingar hafa frá því í fornöld látið dómsmálin endurspegla vald Alþingis.

Þetta skipulag spratt upp á þjóðveldistímanum. Og aðrar lýðveldisþjóðir hafa farið sömu götu. Í Bandaríkjunum og Svisslandi eru dómaraarnir kosnir annaðhvort af þingum ríkjanna eða með almennu landskjöri.

Hér er lagt til, að Alþingi kjósi dómaraana í fimmtardóminn til 6 ára í senn, og að þeir séu kosnir með hlutfallskosningum. Með því móti má húast við, að meiri friður ríki um dóminn heldur en ef svo er um húið, að einni stefnu séu

tryggð þar varanleg og ábyrgðarlaus völd. Um leið og dómara eru kosnir verður ekki komið við að nota kennara lagadeildar sem aukadómara. Er þess vegna gert ráð fyrir að halda sömu dómaraölu og nú er, enda ætti ekki að vera ofurefli þriggja manna á góðum aldri að afljúka nauðsynlegum störfum.

Hugsanlegt væri að kjósa dómara til ákveðins tíma með almennu landskjöri um allt land. Hefir það ýmsa kosti fram yfir þingvalið, en er dýrara og umsvifameira. Er því hér fremur hallazt að einfaldari leiðinni.

Guðmundur Grímsson dómari í Norður-Dakota hefir nýlega unnið kosningu í úrslitadómstól ríkisins. Kjörtíminn er þar 6 ár, og Guðmundur Grímsson hefir notið svo mikils trausts, að hann er endurkosinn hvað eftir annað. Mun svo fara um kosna dómara eins og þingmenn, að þeir njóta trausts hjá umbjóðendum sínum, ef þeir vinna til þess.

Í frv. er gert ráð fyrir, að dómendur fimmtardóms starfi í laganefnd, meðan þeir eru dómara. Er nú mál komið, að slík nefnd byrji að starfa til að bæta úr áberandi göllum á löggjöf landsins, sem jafnan hljóta að koma til greina, þar sem ekkert varanlegt og leiðbeinandi aðhald er við löggjafarstarfið. Auk þess fá dómara fimmtardóms með þessu móti fræðilegt borgaralegt starf, sem á engan hátt kemur í bága við dómara starfið, en tryggir á hinn bóginn, að dómari, sem ekki nær endurkosningu, þurfi ekki fremur að fá eftirlaun heldur en ráðherra, sem lættir að starfa fyrir landið.

Þegar Alþingi kys dómendur til ákveðins tíma, eiga ekki við nema sum þau skilyrði, sem áður voru eðlileg við veitingu dómaraembættis, hvort heldur rétturinn skapaði sig sjálfur eða dómsmálastjórnin veitti embættin.